



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Staða skrifstofumanna á Ísafirði og Patreksfirði, sumarafleysing

Laus er til umsóknar stöður þjónustufulltrúa hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum á skrifstofu embættisins á Ísafirði og Patreksfirði. Um tvö full störf er að ræða. Umsækjandur þurfa að geta hafið störf í byrjun júní.

Helstu verkefni eru afgreiðsla, símsvörun, almenn skrifstofu- og ritarastörf og önnur tilfallandi verkefni sem embættið annast. Sjá má upplýsingar um helstu verkefni embættisins á vef sýslumanna, www.syslumenn.is.

Óskað er eftir einstaklingum sem er skipulagður, býr yfir góðri almennri tölvufærni, íslensku- og enskukunnáttu. Nauðsynlegt er að umsækjandi sé jákvæður, þjónustulundaður, eigi gott með samskipti og geti unnið undir álagi.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og Sameykis.

Umsókn fylgi náms-og starfsferilsskrá.

Frekari upplýsingar veita Jónas B. Guðmundsson, sýslumaður, netfang jg@syslumenn.is og Helga Dóra Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri, netfang hdk@syslumenn.is, bæði s. 458 2400.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skulu berast embættinu í síðasta lagi 27.maí nk. í ofangreind netföng.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Embætti sýslumannsins á Vestfjörðum var stofnað við sameiningu fjögurra embætta sýslumanna á Vestfjörðum 1. janúar 2015 og er starfssvæði þess allir Vestfirðir. Starfsmenn eru 17 og skrifstofur þrjár.

Ísafirði, 12. maí 2022,
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum,
Jónas B. Guðmundsson.